



# Stafvæðing byggingarleyfis- umsókna

Hafnarfjarðarkaupstaður

---

Janúar 2024

# Aðferðafræði og verklag

KPMG aðstoðaði Hafnarfjarðarkaupstað við að meta ávinning af nýju verklagi við nýtingu rafrænna undirritana og stafvæðingu á umsóknarferli um byggingarleyfi í Hafnarfirði. Niðurstöður ávinningsmatsins byggja á samtölum við starfsfólk Hafnarfjarðarkaupstaðar sem tók þátt í verkefninu. Einnig var ávinningur umsækjenda metinn út frá samtölum við byggingarstjóra og iðnmeistara sem hafa sótt um leyfið fyrir og eftir breytingar. Verkferlin sem borin eru saman í þessari greiningu eru frá 2019 og 2023.


## Vinnufundir

Vinnufundir voru skipulagðir með helstu hagaðilum þar sem núverandi ferlar voru teiknaðir upp og bornir saman við það verklag sem var skipt út.

## Ferlateikningar

Ferlarnir, bæði þáverandi og núverandi, voru teiknaðir upp með ‚swimlane‘ gröfum í Mural.

Ávinningsmat var framkvæmt út frá gefnum forsendum og ferlateikningum.



## Þátttakendur

- Starfsfólk þjónustu- og þróunarsviðs
- Deildarstjóri og starfsfólk þjónustuvers
- Skrifstofustjóri og starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs
- Byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar
- Starfsfólk í launadeild
- Byggingarstjóri
- Iðnmeistari

# Samantekt

**10 klst.** 

ábatí af hverri umsókn um byggingarleyfi sem er unnin hjá Hafnarfjarðarbæ.



## Pappírsumsýsla

Fyrir stafvæðingu á umsóknum um byggingarleyfi var unnið með teikningar á stórum blöðum ásamt fylgiskjölum á pappír sem taka mikið rými. Mikill tími fór í umsýslu þessara gagna sem fólst m.a. í móttöku, skönnun, yfirferð og frágangi. Þar að auki þurfti að rýna í handskrifaðar upplýsingar ásamt því að keyra gögn milli starfsstöðva til úrvinnslu.



## Minni keyrsla fyrir umsækjendur

Við stafvæðingu á umsóknarferlinu þurfa umsækjendur ekki lengur að skila teikningum á prenti með tilheyrandi sparnaði. Þar að auki er eltingaleik við undirskriftir hagaðila er koma að fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum lokið með innleiðingu rafrænna undirritanna.



## Aukin yfirsýn

Með stafvæðingu á ferlinu og rafrænum undirritunum hefur yfirsýn og gegnsæi starfsfólks og umsækjenda aukist. Umsækjendur geta nálgast upplýsingar um málið á mínum síðum Hafnarfjarðar en starfsfólk þurfti áður að taka þessar upplýsingar saman og umsækjendur að koma og sækja þær. Heimsóknum í þjónustuver hefur fækkað talsvert.

**14,7 m.kr.**

árlegur fjárhagslegur ávinningur.

**1,2**

stöðugildi vegna úrvinnslu á öllum umsóknum um byggingarleyfi nýtast í virðismeiri verkefni á hverju ári.

**5,2 tonna**

losun koltvísýrings ígilda (tCO<sub>2</sub>íg) sparast árlega vegna bifreiða..

# Tölfræði

14,7 m.kr.

árlegur fjárhagslegur ávinningur.

24.875 km

áætlaðir kílómetrar sem  
umsækjendur keyrðu í tengslum við  
umsóknarferilinn.

5 m.kr.



sem gera má ráð fyrir í árlegan  
sparnað í prentun teikninga fyrir  
umsækjendur

7,2



tré sem áætlað er að sparast árlega við að  
sleppa því að prenta út teikningar á A2  
blöðum í tengslum við byggingarleyfi

1,2



stöðugildi vegna úrvinnslu á umsóknum um  
byggingarleyfi nýtast í virðismeiri verkefni á  
hverju ári.

0,75



stöðugildi af 1,2 á ári sem fóru einungis í  
skönnun skjala og frágang í skjalageymslu.

10 klst.

ábati af hverri umsókn um byggingarleyfi  
sem unnin er hjá Hafnarfjarðarbæ.

6 klst.



að meðaltali af hverri umsókn sem  
einungis fóru áður í skönnun skjala og  
umsýslu pappírs.

5,2 tonna

minnkun á árlegri losun  
koltvísýrings ígilda (tCO<sub>2</sub>íg.)  
vegna bílferða umsækjenda og  
sendla Hafnarfjarðar.

# Umsagnir hagaðila

**“Það er stökkbreyting að fá þetta allt rafrænt í staðinn fyrir á pappír”**

*Byggingarstjóri*

**”Gott að losna við pappírana og skrifa undir á netinu”**

*Hönnunarstjóri*

**“Tenging við HMS tryggir gæði ferla”**

*Starfsfólk Hafnarfjarðarkaupstaðar*

**“Það voru hér heilu fjöllin af teikningum og gögnum á pappír”**

*Starfsfólk Hafnarfjarðarkaupstaðar*

**”Gríðarlegur tímasparnaður!”**

*lönmeistari*



***lönmeistarar eru að ganga frá þessu í símanum og það þarf ekki að fylgja þessu neitt sérstaklega eftir.”***

*lönmeistari*

# Viðauki I

Nánari lýsing á útreikningum er koma fram

# Tölfræðilegar forsendur

## Verklag

Við úrvinnslu á verkefninu voru bæði þáverandi og núverandi ferlar vegna umsókna um byggingarleyfi í Hafnarfirði teiknuð upp og starfsfólk gerði grein fyrir því hversu langan tíma hvert skref tók í mínútum. Ferlið spannar allt frá því að sótt er um byggingarleyfi þangað til búið er að ganga frá lokaúttektum á byggingunni. Ferillinn getur því tekið nokkur ár frá upphafi til enda.

Einnig voru tekin viðtöl við byggingarstjóra og hönnuði til þess að skilja ávinning umsækjenda við stafvæðingu ferilsins. Í viðtölum kom fram að gríðarlegur ávinningur væri fyrir umsækjendur að þurfa ekki að koma í persónu í þjónustuverið til að skila gögnum og að hitta alla hagaðila er koma að framkvæmd bygginga.

Ákveðnar forsendur voru nýttar til þess að reikna út árlegan ábata við stafvæðingu á ferlinu. Hvert skref var metið með hjálp starfsfólks Hafnarfjarðarkaupstaðar. Áætlaður ábati er varlega áætlaður þar sem ekki er gert ráð fyrir aukningu á fjölda umsókna, jaðartilvika né breyttu verklagi sem getur skilað enn betri ábata heldur en þær tölur sem koma fram í þessari skýrslu.

Umsækjendur um byggingarleyfi geta verið eigendur lóða, byggingarstjórar og/eða hönnuðir.

## Tölulegar forsendur

Við útreikninga er miðað við klukkustundir í stað mínútna og er gert ráð fyrir að einn vinnudagur sé 7,2 klst. Þá er gert ráð fyrir að 223 vinnudagar séu í einu ári. Út frá þeim tölum má gera ráð fyrir því að eitt stöðugildi samsvari 1605,6 klst. á ári. Miðað er við að eitt stöðugildi samsvari 12.000.000 kr. á ári sem gerir ráð fyrir heildarlaunum upp á 833.000 kr. á mánuði og heildarkostnaður sé 1.000.000 kr. fyrir hvert stöðugildi á mánuði. Við útreikning á heildarábata er gert ráð fyrir að heildarfjöldi umsókna um byggingarleyfi verði áfram 199 á ári. Árlegum fjölda umsókna er margfaldað með klukkustunda sparnaði á ári í kjölfar innleiðinganna. Árlegur ábati af innleiðingu rafrænna undirritana og stafvæðingu ferilsins er 1.963 klst. sem samsvarar 1,2 stöðugildum.

Við útreikning á áætluðum sparnaði við prentun á teikningum er gert ráð fyrir að það kosti að meðaltali 246 kr. að prenta hverja A2 teikningu með 15% magnafslætti. Fjöldi fullklárarða teikninga sem skilað var árið 2023 var 5.553, gert er ráð fyrir að í 70% tilvika séu gerðar athugasemdir við teikningar og þær prentaðar út og skilað aftur. Teikningum var skilað í þríriti og má því áætla að heildarfjöldi prentaðra teikninga vegna byggingarleyfis-umsókna séu 20.546 á ári. Út frá þessum forsendum er hægt að áætla að umsækjendur hafi eytt rúmlega fimm milljónum í prentun teikninga á ári.

**KPMG**